

Skýrsla um grænt bókhald 2010

í samræmi við reglugerð nr. 851/2002

Efnisyfirlit

| | | |
|--|------|----|
| Áritun stjórnar | bls. | 3 |
| Áritun endurskoðanda | - | 4 |
| Almennt um starfsemina | - | 5 |
| Helstu tölulegar upplýsingar fyrir árið 2008 | - | 5 |
| Hreinsun útstreymis | - | 6 |
| Pungmálmagreining á ryki úr útstreymi frá ofni | - | 7 |
| Gasmælingar í útblæstri | - | 8 |
| - Mæling á díoxin og fúran | - | 8 |
| Losun á CO ₂ | - | 8 |
| Brennsla olíuleifa og orkuríks úrgangs | - | 9 |
| Eyðing framköllunarvökva | - | 10 |
| Bilanaskýrsla v. umhv. | - | 10 |
| Annað frálag (en frá framleiðslu) | - | 11 |

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Áritun stjórnar Sementsverksmiðjunnar hf.


Að álíti stjórnar félagsins hefur skýrsla þessi verið unnin í samræmi við reglugerð 851/2002 um grænt bókhald og koma þar fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á meginnotkun fyrirtækisins á helstu umhverfispáttum sem eru meðal annars hráefni, orka, jarðhitavatn og kalt vatn ásamt helstu tegundum og magni efna sem valda mengun.

Stjórn félagsins staðfestir hér með skýrslu félagsins um grænt bókhald fyrir árið 2010.


Reykjavík, 28. apríl 2011.

f.h. stjórnar Sementsverksmiðjunnar hf.

Gunnlaugur Kristjánsson
stjórnarmaður



Guðmundur Axel Hansen
stjórnarmaður



Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Sementsverksmiðjunnar hf.


Við höfum tekið að okkur að endurskoða tölur sem fram koma í meðfylgjandi skýrslu sem unnin hefur verið af Sementsverksmiðjunni hf. í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunar okkar.

Endurskoðunin skal skipulögð þannig að nægjanleg vissa fáist um að upplýsingar sem fram koma í skýrslunni séu í meginatriðum annmarkalausar. Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna réttmæti upplýsinga. Haldnir hafa verið fundir með starfsmönnum þar sem farið hefur verið yfir verklag og vinnslu græns bókhalds og útreikningar og úrvinnsla ganga skoðuð. Framkvæmd og tíðni mælinga var skoðuð. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrslan gefi glöggja mynd af meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni, ásamt helstu tegundum og magni af efnunum sem valda mengun og eru tilgreind í gildandi starfsleyfi og sé unnin í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Reykjavík, 28. apríl 2011.

Deloitte hf.


Lárus Finnbogason
endurskoðandi

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Almennt um starfsemina

Sementsverksmiðjan hf, kt. 560269-5369, Mánabraut 20, Akranes, starfar skv. starsleyfi frá Umhverfisstofnun, gildistími frá 5.12.2008 til 31.12.2024. Framkvæmdastjóri er Gunnar H. Sigurðsson. Stjórn Sementsverksmiðjunnar skipa Gunnar Syvertsen formaður, Gunnlaugur Kristjánsson og Guðmundur Axel Hansen. Sementsverksmiðjan hefur sl. átta ár rekið umhverfisstjórnunarkerfi, sem er hluti gæðahandbókar fyrirtækisins og er framfylgt með gæðastjórnunarkerfi skv. staðli ISO EN 9001. Umhverfisstjórnunarkerfið er byggt upp í anda umhverfisstaðalsins 14001. Lögð er áhersla á að starfsemi fyrirtækisins valdi sem minnstri röskun á umhverfinu. Að þessu markmiði er stefnt með því að vaka mikilvæga umhverfisþætti, sem varða losun efna í loft, land og sjó.

Notuð eru innlend hráefni við sementsgerðina, einkum skeljasandur, sem er kalkgjafinn og dælt er upp af hafsbotni úti á Faxaflöa, og líparít sem er kísilgjafinn, en það er unnið úr nánum í Hvalfirði. Að auki er notaður basaltsandur í litlum mæli sem tekinn er úr fjöru í nágrenninu. Einnig er notað við sementsmölunina gips sem er flutt inn. Aðalorkugjafar við framleiðslu sements eru rafmagn og kol. Um er að ræða votframleiðslu og þess vegna er vatnsnotkun töluverð.

Ath. Gjallbrennsluofn var aðeins tæplega 8 vikur í gangi 2010, en sementskvörn gekk mun lengur.

Helstu tölulegar upplýsingar fyrir árið 2010:

| | Ílag | Frálag |
|--|--------|--------|
| Hráefni, hjálparefni, eldsneyti og framleiðsla | | |
| Skeljasandsnotkun í gjall, þús. m ³ | 27 | |
| Líparít til leðjuframleiðslu, m ³ | 4.585 | |
| Basaltsandur til leðjuframleiðslu, m ³ | 0 | |
| Framleitt sementsgjall, tonn (Milliafurð) | 18.492 | |
| Gips til mölunar með gjalli, tonn | 2.068 | |
| Framleitt sement, tonn | | 33.489 |
| Rafmagnsnotkun, Gwst | 6,39 | |
| Kolanotkun, tonn | 3.646 | |
| Oliukoks (Petcoke), tonn | 0 | |
| Orkuríkur fastur úrgangur (forskautaleifar), tonn | 400 | |
| Oliulefanotkun, tonn | 0 | |
| Gasolía til uppkveikju, tonn | 5 | |
| Orkuríkur fljótandi úrgangur, tonn | 0 | |
| Framköllunarvökvi til eyðingar, tonn | 0 | |
| Notkun á köldu vatni, þús. tonn | 117 | |
| Heitt jarðhitavatn frá OR, m ³ | 23.475 | |
| Járnsúlfat (í sement), tonn | 26 | |
| Mölunarvökvi, TEA, kg | 4.000 | |
| Mölunarvökvi, TDA, kg | 37.630 | |
| Útstreymi og fast frálag | | |
| Útstreymi CO ₂ (reiknað gildi m.v. frl.gjall), tonn | | 20.674 |
| Magn fastra úrgangsefna | | |
| pr. framleitt tonn gjalls, kg/tonn (reiknað gildi) | | 100 |
| Ráðstöfun á föstu frá lagi (rafsiuryki) | | |
| Rafsiuryk flutt í aflagða líparítnámu, tonn | | 1.801 |
| Rafsiuryk nýtt sem undirlag (uppfylling), tonn | | 930 |
| Rafsiuryk flutt í þró á Æðarodda, tonn | | 0 |
| Rafsiuryk endurnýtt í framleiðslu, tonn | | 285 |

Þessir upplýsingaþættir eru valdir með hliðsjón af reglugerð nr. 851/2002, grein nr. 7.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Yfirlit um tæknilegan rekstur Sementsverksmiðjunnar 2010 liggur til grundvallar ofangreindra upplýsingatalna.

Hreinsun útstreymis

Dregið er úr loftmengun frá framleiðslunni með öflugum síubúnaði og vöktun á útsleppi. Rykhreinsivirkir hafa verið við ofninn allt frá upphafi, en nýtt rykhreinsivirkir var sett upp árið 1984 og síðan þá eru eldri rafsiur hafðar tilbúnar svo hægt sé að grípa til þeirra ef stöðva þarf þá nýrra vegna lagfærings eða endurnýjunar. Árið 1979 var sett upp rykhreinsivirkir við gjallkæli. Við sementskvarnir er sömuleiðis rafsiubúnaður, auk pokasía á þeim stöðum sem helst má gera ráð fyrir hættu á rykútsleppi í flutningsbúnaði verksmiðjunnar.

Reglulega er mælt rykmagn i útstreymi eftir rafsiur við ofn, gjallkæli og sementskvarnir. Þessar mælingar eru gerðar á tveggja mánaða fresti. Þær eru gerðar með sérhæfðum mælibúnaði og fara fram í sérstökum mælibúrum og eru því óháðar veðri.

Helstu niðurstöður fyrilliggjandi mælinga á rykmagni (mg/Nm3) **eftir ofnsíu** eru þessar:
Mörk við staðal aðstæður 50 mg/Nm3 (sem miðast við 10% súrefni) í SV er súrefni um 3% en það samsvarar í kringum 85 mg/Nm3.

| Dags. | Meðalt |
|----------|--------|
| 29.05.10 | 49 |
| 30.05.10 | 84 |
| | |

Mælingar á rykmagni (mg/Nm3) **eftir gjallkælisíu** gáfu eftirfarandi niðurstöður:
Mörk 50 mg/Nm3.

| Dags. | |
|----------|----|
| 29.05.10 | 20 |
| | |
| | |

Mælingar á rykmagni (mg/Nm3) **eftir kvarnasiur** gáfu eftirfarandi niðurstöður:
Mörk 30 mg/Nm3

| Dags. | |
|----------|----|
| 29.05.10 | 14 |
| | |

Ryk sem safnast í rafsiu við ofn er flutt í setprær sem grafnar eru í skeljasandsgeymslu. Þar sest efnið til en vatnið sígur í gegnum skeljasandinn til sjávar. Þetta efni hefur verið notað til þess að ganga frá aflagðri líparítámu verksmiðjunnar í Hvalfirði. Á árunum 2006 og 2007 stóðu yfir tilraunir til þess að endurnýta rafsiurykið við gjallframleiðsluna. Varanlegur búnaður til endurnýtingar á rafsiuryki var byggður á árinu 2008. Uppkeyrsla gekk vel og var búnaður kominn í stöðugan rekstur í lok ársins 2008. Endurnýting ryksins gekk þokkalega meðan ofn var í rekstri 2010.

Ryk sem safnast í kælisíu og rafsiur við sementskvarnir er endurnýtt í framleiðslunni.

Reglubundið eftirlit er haft með öllum síubúnaði í verksmiðjunni og engar meiriháttar breytingar voru gerðar á honum á árinu 2010.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Þungmálmagreining á ryki úr útstreymi frá ofni.

Eftirfarandi niðurstöður bárust frá Nýsköpunarmiðstöð, Efnagreiningu, Keldnaholti:

| | Sýni tekið 29.05.10 | Sýni tekið 30.05.10 | Meðaltal |
|------------------|------------------------|------------------------|----------|
| | [mg/Nm ³] | [mg/Nm ³] | |
| Arsen (As) | 0,0002 | 0,0007 | 0,0005 |
| Kadmíum (Cd) | 0,0017 | 0,0024 | 0,0021 |
| Cobolt (Co) | 0,0001 | 0,0005 | 0,0003 |
| Króm (Cr) | 0,0007 | 0,0020 | 0,0014 |
| Kopar (Cu) | 0,0039 | 0,0059 | 0,0049 |
| Kvikasilfur (Hg) | <0,0000 | <0,0001 | <0,0001 |
| Mangan (Mn) | 0,0040 | 0,0160 | 0,0100 |
| Nikkel (Ni) | 0,0004 | 0,0011 | 0,0008 |
| Blý (Pb) | 0,1157 | 0,1262 | 0,1209 |
| Antimon (Sb) | <0,0002 | <0,0005 | <0,0005 |
| Thallíum (Tl) | <0,0015 | <0,0044 | <0,0044 |
| Vanadið (V) | 0,0019 | 0,0046 | 0,0033 |

Samantekt:

| Ár | Efnispáttur | Magn, mg/Nm ³ | Krafa í starfsl. mg/Nm ³ |
|------|---|--------------------------------------|--|
| 2010 | Rykagn (mæl. RU.1) Hg Cd Tl (samt.) As,Cr,Cu,Mn,Ni,Pb,Sb,V | 49-84 <0,0001 0,0065 0,1423 | <0,05 <0,05 <0,5 |

Þungmálmagreining á yfirfallsvatni frá rykþróm.

Ekkert sýni var tekið af yfirfallsvatni á árinu 2010 til þungmálmagreingar, sbr. grein 3.1 í nýju starfsleyfi.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Mæling á SO₂ og NO_x í útblæstri

Starfsleyfismörk í starfsleyfi eru 240 mg/Nm³ fyrir SO₂ og 800 mg/Nm³ fyrir NO_x

Mæling á gastegundum í útblæstri eftir rafsiu við ofn. (Mælingar KG):

| Dagsetning | NOx | SO ₂ |
|------------|-----|-----------------|
| 28.05.10 | 849 | 0 |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

Vakin er athygli á því að einungis ein mæling var framkvæmd á NOx. Mælingin stóð yfir í um 20 mínútur og er mæliniðurstaðan meðaltal briggja gilda, 742, 875 og 931. Meðaltalið er yfir leyfilegum mörkum í starfsleyfi, en ástæða þess er að öllum líkindum sú að súrefnisinnihald í útblæstri var hátt meðan mæling fór fram. Mælingar undanfarinna ára sýna að innihald NOx í útblæstri frá verksmiðjunni er að meðaltali vel undir leyfönum mörkum.

Mæling á dioxin og fúran í útblæstri frá ofni

Engar mælingar á dioxin og fúran voru gerðar á árinu 2010.

Losun á CO₂

Með bréfi frá Úthlutunarnefnd losunarheimilda dags. 27.sept. 2007 var Sementsverksmiðjunni úthlutað losunarheimild vegna tímabilsins 1. jan. 2008 til 31. des. 2012 sem nemur 666.875 heimildum. Í lok ársins 2009 voru eftir 493.205. Losun á árinu 2010 var útreiknuð 20.674 tonn. Alls teljast því eftir 472.532 heimildir um síðastliðin áramót. Hafa ber í huga að gjallofn verksmiðunnar var aðeins í gangi tæpar 8 vikur á árinu 2010.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Brennsla olíuleifa og orkuríks úrgangs

Olíuleifar: Engar olíuleifar bárust frá oliufélögum á árinu 2010.

Orkuríkur fljótandi úrgangur

Tekið var við orkuríkum úrgangi frá Efnamóttökunni ehf til brennslu og fylgir hér með efnagreining gerð af Efnagreiningu (hjá Nýsköpunarmiðstöð Ísl.), Keldnaholti. Aftasti dálkur sýnir mörk í nýju starfsleyfi Sementsverksmiðjunnar (grein 2.4)

| Auðkenni: | | 6EE09173 | Mörk mg/kg |
|-----------------|---------|----------|---------------|
| Kadmium, Cd | mg/kg | <1 | <1 |
| Kopar, Cu | mg/kg | 29 | <100 |
| Króm, Cr | mg/kg | <5 | <50 |
| Kvikasilfur, Hg | mg/kg | <2 | <0,5 |
| Nikkel, Ni | mg/kg | <5 | <100 |
| Blý, Pb | mg/kg | <5 | <50 |
| Vanadíum, V | mg/kg | <5 | <200 |
| Halógenar | mg/kg | 3400 | <1000 |
| PCB | mg/kg | <2 | <50 |
| Vatn | vol% | <0,1 | |
| Hitagildi | kkal/kg | 10170 | |

Alls bárust 17.540 kg af orkuríkum fljótandi úrgangi frá Efnamóttökunni á árinu 2010.

Orkuríkur fastur úrgangur

Ekki var tekið við neinum föstum orkuríkum úrgangi frá álverum til brennslu á árinu 2010.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Eyðing framköllunarvökva.

Ekki var tekið við framköllunarvökva til eyðingar á árinu 2010.

Bilanaskýrsla 2010

| Nr. | Dags. | Hvað bilar | Afleiðingar | Aðgerðir til lausnar |
|-----|-------|------------|-------------|----------------------|
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |

Engar meiriháttar bilanir urðu á árinu 2010.

SEMENTSVERKSMIÐJAN HF

Flokkun, geymsla og förgun úrgangs annars en frá framleiðslu

Úrgangur sem til fellur er flokkaður og honum skilað til viðurkenndra móttökustöðva. Öllum spilliefnum sem til falla við vinnslu er skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Samkvæmt umhverfisstefnu Sementsverksmiðjunnar er dregið eins og mögulegt er úr notkun hættulegra efna og fyllstu varúðar gætt við meðhöndlun þeirra.

Gámaþjónusta Vesturlands ehf er sjálfstæður verktaki, sem annast flutninga og losun á ruslagánum á verksmiðjusvæðinu. Hún gefur upp magn af mótteknum úrgangi, brotajárn og timbri, svo og spilliefnum á ári frá Sementsverksmiðjunni hf. (Sbr. umhv.þáttablöð U26, U27 og U29)

Brot úr ofni, eldfastur steinn, sem til fellur í ofnstoppum er fluttur í líparítnámu til uppfyllingar.

Olíuúrgangur frá starfseminni er fluttur til Efnamóttökunnar hf með bílum Uppdælingar hf. Öðrum flokkuðum spilliefnum er skilað til Gámaþjónustu Vesturlands.

Flokkaður úrgangur er geymdur á ákveðnum stöðum í sérstökum merktum ilátum, sem honum er safnað í. Starfsmenn annast flokkun hver á sinu vinnusvæði samkvæmt vinnulýsingu VU.13. Teikning sem sýnir staðsetningu söfnunaríláta fylgir vinnulýsingunni.

Úrgangur (skipting Gámaþjónustunnar notuð):

| Tegund | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 |
|-------------------------|-----------|------------|-----------|
| Málmar | 20.600 kg | 23.880 kg | 64.230 kg |
| Blandaður úrgangur | 29.885 kg | 13.270 kg | 20.090 kg |
| Timbur | 4.880 kg | 4.600 kg | 11.300 kg |
| Grófur úrgangur | 12.240 kg | 1.280 kg | 2.770 kg |
| Spilliefni | 0 | 4.060 kg | 4.500 kg |
| Eldfastur steinn (brot) | 0 | 10,82 tonn | 46 tonn |

Spilliefni skv. efnalista eru flokkuð sérstaklega þar sem þau falla til: (Föst spilliefni skráð hér að ofan).

| Tegund | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 |
|------------------------|------------------------------------|-------------------|--------------------|
| Úðabrusar | 0 | 1 tunna | 2 tunnar |
| Rafhlöður og rafgeymar | ¼ úr fötu rafhlöður 2 rafgeymar | 1 fata + 2 geymar | 1 fata + 17 geymar |
| Olíuúrgangur (ltr) | 0 | 1500 ltr | 40 ltr |